

Fjölvalsspurningar

Tungufoss 2

Steinn Steinarr: Mannkynssaga fyrir byrjendur

1. Hvert var fæðingarár Steins Seinars? En dánarár?

- 1908; 1958
- 1898; 1968
- 1958; 2008
- 1850; 1908

2. Hver eru rímorðin í fyrsta erindinu?

- blað – kvað
- bað – hvað
- stað – það
- valt – velta

3. Hver eftirtalinna athugasemda á við um þetta kvæði:

- hefðbundin sagnfræði
- háði blandin gamansemi
- alvörubrungin fjölskyldusaga
- uppeldis- og kennslufræðileg nálgun

4. Í síðasta erindinu ...

- leggur skáldið sérstaka áherslu á baráttu alþýðunnar
- er eins skáldið vilji fræða lesandann um samtímann
- ávarpar skáldið (sá sem mælir fram ljóðið) lesandann eða sjálfan sig
- er um að ræða uppgjör við fortíðina

Dularfulla húsið

1. Hvaða óhappi varð B – greifi fyrir þegar hann var ungur maður?

- [] Að fótbrotna illa og ganga síðan við staf
- [] Að erfa stórríkan frænda sinn
- [] Að tapa miklu fé á hlutabréfaviðskiptum
- [] Að tapa veðmáli

2. Hvað fannst B – greifa um húsaleiguna á Rue de la Victoire?

- [] Honum fannst leigan fremur sanngjörn
- [] Honum fannst leigan of lág
- [] Honum fannst leigan allt of há
- [] Hann hafði enga skoðun á leigunni

3. Hvers vegna töldu íbúarnir að Bernard húsvörður væri orðinn veikur á geði?

- [] Af því að hann sagði þeim að húsaleigan ætti að lækka
- [] Af því að hann sagði þeim að húsaleigan ætti að hækka
- [] Af því að hann barði einn leigjandann með kylfu
- [] Af því að dóttir hans hætti við að fara í nám

4. Afleiðingar ákvörðunar B – greifa um húsaleiguna urðu m.a. til þess ...

- [] að kona Bernards fór að sofa betur á nóttunni
- [] dóttir Bernards fór í leiklistarskóla
- [] að leigjendur sögðu upp húsnæðinu
- [] að margir fóru að spyrjast fyrir um húsnæðið

5. Hverjum mætti stúlkan sem ætlaði að stela sér vínlögg í kjallaranum?

- [] Hún mætti B – greifa
- [] Hún mætti húsverðinum með húsaleigukvittun í hendi
- [] Hún mætti konu húsvarðarins sem var eins og vofa
- [] Manni sem hún taldi að væri draugur

6. Hvaða dýr flúðu úr dularfulla húsinu?

- [] Mýs
- [] Rottur
- [] Kettir
- [] Hamstrar

7. Hvaða áhrif hafði ástandið í dularfulla húsinu á dóttur húsvarðarins?

- [] Hún giftist manni sem hún hafði aldrei getað þolað
- [] Hún ákvað að fara í leiklistarnám
- [] Hún fór og stal sér vínlögg í kjallaranum
- [] Hún gerði sér lítið fyrir og keypti húseignina

8. Hver eftifarandi fullyrðinga um á best við um efni sögunnar:

- [] Nýir vendir sópa best
- [] Hvað ungur nemur gamall temur
- [] Það sem var hugsað til að þóknast fjöldanum snýst í andhverfu sína
- [] Það getur borgað sig að sýna lítilmagnanum velvild

Gyrðir Elíasson: Dagar koma bls. 14

1. Bentu á frávik frá reglum um stafsetningu.

- [] yfir hæðina
- [] í þögulli ógn
- [] birtíng, þúngstígur
- [] kalðsólaðan himin

2. Líttu á heiti ljóðsins. Út frá því skaltu giska á hverjir þessir „þeir“ eru.

- [] jötnar
- [] tröll
- [] skýjabólstrar
- [] dagar

3. Bentu á lýsingarorð sem höfundurinn hefur að öllum líkindum búið til.

- [] kalðsólaður
- [] þúngstígur
- [] þögull
- [] grámyglulegur

4. Yfir þessu kvæði Gyrðis hvílir...

- [] ógn
- [] léttleiki
- [] bjartsýni
- [] trúarlegur blær

5. Hvað hét fyrsta ljóðabók Gyrðis?

- [] Svarthvít axlabönd
- [] Maríuglerið
- [] Milli trjánna
- [] Blindfugl

Vaknað upp

1. Hver er aðalpersónan í sögunni?

- Systir drengs
- Faðir drengs
- Móðir drengs
- Drengur

2. Hvernig líður þessari persónu þegar hún vaknar?

- Hún er tilbúin að takast á við ný verkefni
- Hún vill liggja lengur í rúminu
- Hún er slæm fyrir hjarta
- Hún er máttlaus og dofin

3. Hvaða sjónarhorn notar höfundur í sögunni? (Með öðrum orðum: hver er sögumaðurinn?)

- Þetta er 1. persónu frásögn
- Þetta er 3. persónu frásögn
- Sjónarhornið er breytilegt (1. og 3. persónu frásögn)
- Höfundur ávarpar lesandann (2. persónu frásögn)

4. Hvað orsakar það að „hann“ áttar sig á hvað hefur gerst?

- Hann sér skúmvifi í hornnum
- Hann heyrir ekki í pabba sínum
- Hann sér ekki sjálfan sig speglast í glugganum
- Hann finnur enga lykt

5. Hvernig líður „honum“ eftir að hann gerir uppgötvun sína?

- Honum líður verr en áður
- Honum líður betur en áður; magnleysið er ekki eins mikið
- Líðanin hefur ekkert breyst
- Hann finnur fyrir innri óróleika

6. Hvað verður um „hann“ í lok sögunnar?

- Hann deyr
- Hann fer til ömmu sinnar í næsta húsi
- Hann fer út í kirkju
- Hann fer út um garðshliðið

7. Hvers vegna „skína“ náttfatastjörnurnar?

- Þær endurkasta ljósi frá tunglinu og ljósastaurunum
- Þær eru tengdar litlum rafhlöðum
- Þær eru einu ljósin þarna úti
- Af því að himinninn er alskyjaður

8. Hvað hét fyrsta skáldsaga Gyrðis

- Milli trjánna
- Sandárbokin
- Hótelsumar
- Gangandi íkorni

Gisting eftir Örn Arnarson

1. Ljóðið er frásögn af ferð og þeim móttökum sem gesturinn fær á bónaabæ. Í fyrsta erindinu nálgast ferðalangurinn lítinn bæ og virðist þá fara að hugsa um fyrri kynslóðir á sambærilegri vegferð. Samkvæmt þessum skiningi má líta á erindið (og kvæðið í heild) sem ...

- [] vegferð mannsins gegnum lífið
- [] gönguferð í góðu veðri og með góðu fólki
- [] frásögn af því hvernig allt breytist smátt og smátt
- [] sem dýrðaróð til guðs og manna

2. Með hvaða eftifarandi orðum mætti lýsa móttökunum í 2. erindi?

- [] Móttökurnar voru fremur óvinsamlegar
- [] Móttökurnar voru í samræmi við væntingar nútímamannsins
- [] Móttökurnar voru í samræmi við fjárhag hjónanna
- [] Móttökurnar bera vott um mikla gestrisni

3. Hver er niðurstaðan úr þeim samanburði sem gerður er í 3. erindinu?

- [] Það skiptir máli hvað húsakynnin eru rúmgóð og fögur
- [] Móttökurnar eru óháðar húsakynnum sem fólk býr við
- [] Það er mikilvægast að fá að vera þar sem menn sitja þróngt
- [] Hér sem annars staðar gildir það að gæta hófs

4. Nefnið nokkur lykilhugtök sem leyнast undir yfirborði ljóðsins.

- [] hroki og hleypidómar
- [] skemmtilegheit, kátína, grín og glens
- [] velvild, gestrisni, hlýja, tilhlökkun, söknuður
- [] kaldhæðni, háð, írónía

5. Hver eftifarandi fullyrðinga á best við um kvæðið *Gisting*?

- [] Ferðamaðurinn er aldrei í rónni nema hann geti komist upp á næsta fjall
- [] Maðurinn þráir alltaf eithvað nýtt en saknar um leið þess sem hann yfirgefur
- [] Ferðalangurinn hugsar aldrei um það sem liðið er, horfir einungis fram á veginn
- [] Maðurinn er þannig gerður að hann er ánægðastur þar sem hann er hverju sinni

Látra-Björg

1. Hvað merkir að Björg hafi verið ákvæðin?

- [] Hún var í ákvæðisvinnu (akkorði) við að yrkja
- [] Hún var mjög ákveðin í kveðskap sínum
- [] Hún var vön að kveðast á við vini sína
- [] Það sem hún kvað varð að áhrínsorðum (þannig gátu t.d. illar óskir hennar ræst)

2. Hver er dómarinn sem öllum dóum ræður?

- [] Guð
- [] Hæstiréttur
- [] Dómarinn Jón
- [] Sýslumaðurinn

3. Sýndu fram á muninn á innihaldi seinni tveggja vísnanna.

- [] Merkingin snýst alveg við
- [] Það er enginn munur á innihaldi þó lesið sé aftur á bak
- [] Skáldkonan leitaðist við að vera fyndin í fyrri vísunni en ekki í þeirri seinni
- [] Skáldkonan ætlaðist ekki til að vera tekin alvarlega í sambandi við innihaldið

4. Hvað er sérstakt við eftirfarandi vísu:

Anna, Sigga, Pétur, Páll,
Pála, Lóa, Dísia,
Hanna, Gunnar, Nói, Njáll,
Nonni, Siggi, Lísa.

- [] Merking breytist eftir því hvort lesið er aftur á bak eða áfram
- [] Stuðlastuning er röng
- [] Það má lesa hana aftur á bak og áfram
- [] Rímorðin vantar hvort heldur sem lesið er aftur á bak eða áfram

Þrá

1. Bentu á ljóðstafi í fyrstu tveimur línumum ljóðsins. (Þá finnur þú út hvaða orð þurfa að fá áherslu.)

- [] Til að **vera** hjá þér/ allt vildi ég **bera**
- [] Til að **vera** hjá þér/ allt vildi ég **bera**
- [] Til **að** vera hjá þér/ **allt** vildi ég **bera**
- [] Til að vera hjá **þér**/ allt vildi ég **bera**

2. Bentu á ljóðstafina í fyrstu tveimur línumum í síðasta erindinu!

- [] í – e
- [] ei – u
- [] o – u
- [] í – u

3. Bentu á atriði sem sýna náinn skyldleika milli manns og náttúru.

- [] Karlmanninum er líkt við konu
- [] Skáldkonan er mjög tilfinninganæm
- [] Þýska skáldkonan sækir efnivið sinn til Íslendinga
- [] Manninum er líkt við læk og svölu

4. Hvaða stílbragð er áberandi í ljóðinu? (Vísbending: tengist myndmáli!)

- [] viðlíking
- [] andstæður
- [] hliðstæður
- [] myndhverfing

5. Bentu á atriði í ljóðinu sem bendir til að **þýðandinn fari frjálslega með efnið.**

- [] Þýðandinn talar um vinaleysi
- [] Þýðandinn talar um Íslending og jöklar
- [] Þýðandinn talar um læk
- [] Þýðandinn talar um féleysi

Heyr þú, himna smiður

1. Hvenær var ljóðið ort?

- Árið 1908
- Árið 1812
- Árið 1208
- Árið 1238

2. Hvernig tengdust þeir Kolbeinn og Guðmundur biskup?

- Þeir voru bræðrasynir
- Kona Guðmundar og Kolbeinn voru bræðrabörn
- Kolbeinn var bróðursonur Guðmundar
- Kona Kolbeins og Guðmundur voru bræðrabörn

3. Hvernig dó Kolbeinn?

- Hann fékk stein í höfuðið
- Hann varð fyrir örvarskoti
- Hann var hálshöggvinn
- Hann var stunginn með sverði

4. Nefndu dæmi um *kenningu* í ljóðinu.

- hestur hafssins (skip)
- himna smiður (guð)
- óvinur hringa (gjafmildur maður)
- silki Hlín (kona)

5. Nefndu dæmi um *heiti* í ljóðinu.

- mildingur (drottinn)
- svanni (kona)
- hrund (kona)
- halur (maður)

6. „Mest þurfum þín.“ Hvaða falli stýrir sögnin að *þurfa* hér?

- nefnifalli
- þolfalli
- þágufalli
- eignarfalli

7. Hvað kallast það stílfragð þegar orðin *þræll* og *drottinn* standa hlið við hlið?

- [] hliðstæður
- [] viðlíking
- [] persónugerving
- [] andstæður

8. „Sendu málsefnin fögur í hjarta mér.“ Hvað gætu þessi orð merkt?

- [] Læknaðu mig af hjartveiki minni
- [] Sendu mér gott lesefni sem gleður hjartað
- [] Reyndu að hitta mig í hjartastað
- [] Vektu hjá mér fagrar hugsanir

9. Hvað merkja þessi orð: „Ryð þú hverri sorg hölds úr hjarta borg.“

- [] Hreinsaðu brjóst mitt af öllum sorgum
- [] Fylltu hjarta mitt sorgum
- [] Fylltu borgina okkar gleði
- [] Læknaðu hjörту hinna syndugu

Draumurinn

1. Hvaða ólöglegt athæfi var O. Henry (1862–1910) sakaður um?

- [] Að hafa barið konuna sína
- [] Að hafa borið ljúgvitni fyrir rétti
- [] Að hafa dregið sér fé
- [] Að hafa myrt mann

2. Hvað er það sem O. Henry kallar „bróður dauðans“?

- [] fjarlæg lönd
- [] vetrarbrautin
- [] banalegan
- [] draumheimar

3. Hvernig gátu mennirnir tveir tefti sem voru hvor um sig í einangruðum klefa?

- [] Þeir fengu að nota Skype
- [] Þeir notuðu skákklukku
- [] Þeir kölluðu leikina yfir ganginn
- [] Þeir notuð síma

4. Í ljósi þess sem sagt er um þá fanga sem óskuðu Murray góðrar ferðar, hvers eðlis tekur þú þá að glæpur hans hafi verið?

- [] Glæpur Murrays hefur væntanlega verið morð sem ekki var framið á laun
- [] Glæpur Murrays hefur verið morð framið á laun
- [] Glæpur Murrays hefur ekki tengst morði
- [] Glæpur Murrays var lestarrán

5. Sagan heitir *Draumurinn*. Hver eftirfarandi fullyrðinga á við um drauminn?

- [] Glæpir morðingjanna eru hluti draumsins
- [] Það er ekkert greint frá draumnum
- [] Sagan er einn draumur
- [] Í upphafi sögunnar er greint frá innihaldi draumsins

6. Í sögunni er talað um að í lokuðum heimi fangelsisins öðlist menn „ný skilningarvit“.

Hvað er til marks um það í þessari sögu?

- [] Fangarnir virðast hafa séð í myrkri
- [] Fangarnir hafa þróað bragðskynið sérstaklega
- [] Fangarnir virðast vita nákvæmlega hvað er í þann veginn að gerast
- [] Fangarnir virðast hafa þróað með sér gott lyktarskyn

Tár, bros og hagfræði

1. Hvaða áhrif virðast hlaupabrautir umhverfis knattspyrnuvöll hafa á dómara?

- Að þeir dæmi fleiri vítaspyrnur en ella
- Að þeir dæmi færri vítaspyrnur en ella
- Að þeir brosi oftar
- Að þeir hlaupi meira sjálfir

2. Hver eftifarandi fullyrðinga röng, samkvæmt orðum textans?

- Lið sem taka fyrstu spyrnuna í vítaspyrnukeppni vinna leikinn í 60% tilvika
- Lið sem taka fyrstu spyrnu í vítaspyrnukeppni og skora úr henni vinna leikinn í 67% tilvika
- Leikmenn á heimavell klúðra frekar vítaspyrnum en þeir sem eru að heiman
- Það er engin hlaupabraut kringum Laugardalsvöllinn

3. Hvaða lið vinna 60% af öllum vítaspyrnukeppnum?

- Liðin sem fá fyrstu vítaspyrnuna í vítaspyrnukeppninni
- Liðin sem fá ekki fyrstu vítaspyrnuna í vítaspyrnukeppninni
- Liðin sem taka síðustu spyrnuna í keppninni
- Liðin sem láta fyrirliðann taka fyrstu spyrnuna

4. Hvað lestu út úr því sem sagt er um að breyta vítaspyrnukeppni í knattspyrnu til samræmis við reglur sem gilda í tennis?

- Lið A fái tvær spyrnur í upphafi, Lið B fái síðan tvær og svo koll af kolli
- Lið A fái fyrst eina spyrnu, lið B síðan eina, en eftir það bæði liðin tvær
- Lið A taki allar sínar spyrnur fyrst, síðan taki lið B við
- Lið A fái fyrst eina, Lið B síðan tvær spyrnur; síðan tvær á lið uns Lið B fær í lokin eina

5. Skýrið í örfáum orðum það sem sagt er um „yfirfærslugildi“ knattspyrnurannsókna.

Átt er við að umhverfi knattspyrnunnar ...

- skuli ekki haft til viðmiðunar í hagfræðinni
- endurspeglar raunverulegt ástand í samfélaginu
- og raunveruleiki á vinnustöðum séu alls óskyldir heimar
- geti haft ill en ekki góð áhrif á sálarástand fólks á vinnustað

Jóhann Magnús Bjarnason: Dansmærin

1. Hvaða breyting varð á dansmeynni eftir því sem hún dansaði meira?

- [] Hún varð mun þreytulegri
- [] Hún varð afar glaðleg
- [] Litblærinn á andlitinu varð fallegri
- [] Það varð sama og engin breyting á henni

2. Hvað getur þú sagt um töfraduft dansmeyjarinnar?

- [] Hún átti ekkert töfraduft
- [] Töfraduftið breytti litnum á andliti hennar
- [] Töfraduftið var sett í skóna til að mýkja fæturna
- [] Það virkaði líkt og góð vínblanda

3. Hvaða áhrif höfðu líkþornin á dansmeyna?

- [] Þau drógu úr töfrum hennar
- [] Þau orsökuðu afbrýðisemi hirðmeyjanna
- [] Hirðmeyjarnar álitu að þau hefðu lamandi áhrif
- [] Liturinn á andliti hennar breyttist því hana verkjaði svo mikið

4. Hver eftifarandi fullyrðinga er rétt?

- [] Kóngsdóttirin fékk aldrei að vita um leyndarmál dansmeyjarinnar
- [] Hirðmeyjarnar drógu rangar ályktanir af litabreytingunni á dansmeynni
- [] Hirðmeyjarnar vissu frá upphafi hvernig stóð á litabreytingunni á dansmeynni
- [] Hirðmeyjarnar heyrðu orðin sem dansmæri hvíslaði í eyra kóngsdótturinnar

5. Eftifarandi skáldsögur eru eftir Jóhann Magnús Bjarnason:

- [] *Sjálfstætt fólk og Íslandsklukkan*
- [] *101 Reykjavík og Rokland*
- [] *Eiríkur Hansson og Brasilíufararnir*
- [] *Tólf konur og Veisla undir grjótvegg*

Ingunn Snædal:

Fyrra ljóðið

1. Hugsum okkur að fyrsta erindið sé innan gæsalappa. Hver væri þá mælandinn þar?

- Móðirin
- Sonurinn
- Faðirinn
- Dóttirin

2. Hver eftifarandi fullyrðinga er rétt?

- Dóttir lýsir samtali sem hún hefur átt við föður sinn
- Dóttir veltir fyrir sér hvort hún eigi að segja föður sínum leyndarmál
- Dóttir er búin að segja föður sínum leyndarmál
- Faðirinn lætur að því liggja að dóttirin sé lesbía

3. Hvað merkir orðið *gunga*?

- hugleysingi, skræfa
- guggna, brotna saman
- hetja með víkingslund
- tryggur vinur

4. Sambandið milli feðginanna ...

- er kærleiksríkt trúnaðarsamband
- er hrjúft á yfirborðinu
- er hatursfullt
- einkennist af hlýjum tilfinningum á yfirborðinu en köldum undir yfirborðinu

5. Hvers vegna er ljóðið allt innan sviga?

- Af því að samtalið við föðurinn fór aldrei fram
- Af því að umræðuefnin var feimnismál
- Af því að umræðan fór úr böndunum
- Af því að stúlkan talaði af sér

Seinna ljóðið

1. Hver hringir í hvern?

- Móðirin hringir í son sinn
- Dóttirin hringir í tengdamömmu sína
- Móðirin hringir í dóttur sína
- Dóttirin hringir í móður sína

2. Hvers vegna hverfur feimni stúlkunnar skyndilega?

- Hún er búin að fá sér drykk
- Hún er skilin viðmanninn sinn
- Hún gerir sér grein fyrir því að hún er lesbísk
- Fréttin um veikindi móðurinnar losar um einhver höft

3. „ég sagði henni frá þér“. Hver er þessi „þú“, sem þarna er ávarpaður/ávörpuð?

- Ástkona ljóðmælandans
- Móðirin
- Eiginmaðurinn
- Faðirinn

4. Hvers vegna skyldi dóttirin segja: „ég hlýt að eiga einhver met“?

- Hún telur að hún eigi enn einhver Íslandsmet
- Hún virðist hissa á sjálfri sér að hugsa svona mikið um eigin tilfinningar við þessar aðstæður
- Hún gleymir alveg sjálfri sér og hugsar bara um móður sína og veikindi hennar
- Hún er alltaf að hugsa um samtal sitt við föðurinn

Vaggan eftir Þorstein frá Hamri

1. Athugaðu titil ljóðsins og reyndu út frá því að ákvarða hver „ég“ kvæðisins er.

- [] Álfkonan talar
- [] Vaggan talar
- [] Móðir barnsins sem svaf talar
- [] Barnið talar

2. Hvers konar þjóðsögu er vísað til í þessu kvæði Þorsteins frá Hamri?

- [] Sögu af umskiptingi
- [] Draugasögu
- [] Útilegumannasögu
- [] Tröllasögu

3. Ímyndaðu þér að fyrri vísan sé aðeins tvær línum (þannig að fyrri tvær línum myndi eina ljóðlinu og seinni tvær myndi þá seinni). Hverjur væru þá ljóðstafirnir (stuðlar og höfuðstafir)?

- [] þ – þ
- [] l – l
- [] s – s – s
- [] o – ó

4. Hvers vegna heldur þú að vöggunni sé nú bylt og hrundið?

- [] Af því að álfkonan var í vondu skapi
- [] Af því að bónakonan rak sig í vögguna
- [] Af því að börnin voru farin að leika sér að vöggunni
- [] Af því að það er kominn óvær umskiptingur í vögguna

5. Hver eru rímorðin í kvæðinu?

- [] hér – mér; fundið – hrundið
- [] lyft – bylt; fundið – hrundið
- [] lyft – skipt; fundið – hrundið
- [] sæng – vagga; fundið – hrundið

Betlarinn eftir Elínborgu Lárusdóttir

1. Hvar gerist sagan?

- [] Í Reykjavík
- [] Í borg í Kanada þar sem margir Vestur-Íslendingar bjuggu
- [] Í New York
- [] Í London

2. Hvað var sérstakt við betlarann í sögunni?

- [] Til dæmis bankaði hann upp á að húsabaki og reyndi að koma sér í mjúkinn hjá konunum
- [] Hann var þannig maður að hann betlaði aldrei meira en rétt til að eiga eitthvað í matinn
- [] Hann átti mörg börn sem hann þurfti að fæða og klæða
- [] Hann var af höfðingjaættum

3. Af hverju voru konurnar bæði glaðar og hryggar þegar betlarinn fór?

- [] Þær glöddust yfir því hvað maðurinn var kurteis en hryggðust yfir fátækt hans
- [] Þær glöddust yfir eigin velgengni en samhryggðust betlaranum
- [] Þær voru glaðar yfir að hafa gert góðverk en hryggðust yfir olnbogabörnum lífsins
- [] Lífið hafði veitt þeim marga gleðistund en einnig sorgir

4. Betlarinn var ...

- [] af enskum uppruna
- [] af íslensku bergi brotinn
- [] ekki af ensku bergi brotinn
- [] þeldökkur

5. Hvernig var verðlagið í fornsölunni?

- [] Verðlagið var ekki hátt
- [] Verðlagið var mjög hátt
- [] Verðlagið var hvorki hátt né lágt
- [] Óvenjulega lágt miðað við sambærilegar verslanir

6. Hvað keypti Anna í fornsölunni?

- [] Kertastjaka
- [] Laglegan stól
- [] Ekkert
- [] Lampa

7. Í hvers konar hverfi bjó fornsalinn?

- [] Í ríkra manna hverfi
- [] Í fátækrahverfi
- [] Í úthverfi
- [] Í hafnarhverfinu

8. Að hvaða leyti var forngripasalinn frábrugðinn betlaranum?

- [] Hann var þreytulegri
- [] Hann var ellilegri
- [] Hann var ekki eins vel búinn
- [] Hann virtist mun unglegri og styrkari

9. Hvaða atvik rifjaðist upp fyrir Önnu eftir að hún hafði séð fornsalann á svöllum fallega hússins?

- [] Hún mundi að betlarinn hafði verið afar hörkulegur á svipinn
- [] Hún mundi að betlarinn hafði brosað í laumi þegar hann tók við gjöf frá henni
- [] Betlarinn hafði eitt sinn breytt um svip og hætt að skjálfa þegar hann hélt að enginn sæi til hans
- [] Betlarinn hafði verið afar auðmjúkur þegar hann tók við gjöfunum

10. Hvaða fullyrðing á best við um þessa sögu?

- [] Betlarinn var úlfur í sauðargærnu
- [] Oft er í holti heyrandi nær
- [] Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi
- [] Enginn verður óbarinn biskup

Póra Jónsdóttir:

Fylgt úr hlaði

1. Um hvers konar gjöf móður til sonar er rætt í seinna erindinu þegar sonurinn fer að heiman?

- Peninga
- Ást og góðar óskir
- Vopn, þ.e. sverð, skjöld o.s.frv.
- Flugmiða

2. Talað er um tvenna tíma í kvæðinu. Hvaða tíma?

- Víkingaöld og siðaskiptin
- 19. og 20. öld
- 17. og 21. öld
- Fornan tíma (víkingaöld) og nútímann

3. Segðu til um hvort eftirfarandi fullyrðing stenst: Sonurinn, sem talað er um í seinni hlutanum, fer snauður að heiman.

- Hún stenst ekki ef góðar óskir móðurinnar fylgja honum
- Hún stenst
- Hún er röng
- Hún er rétt

4. Hvernig var fjárhagsleg staða sonarins sem fór að heiman í fyrra erindinu?

- Hann átti sama og ekkert
- Hann átti allmikið fé
- Hann átti jarðir
- Hann átti kvíkfé

Eilífðin

1. Hvað skyldi vera átt við með orðunum „Meðan ég hrærði vöggu/ og mátti ekki af ungbarni líta,/ var eilífðin ekki löng“?

- Átt er við að konunni hafi leiðst
- Konan fór á mis við eigin frama af því að hún þurfti að sinna barninu
- Tíminn var fljótur að líða meðan konan var með barninu sínu
- Tíminn var lengi að líða meðan konan var með barninu

2. Það má segja um þetta kvæði að þar komi fram

- fullur skilningur á tímahugtakinu
- tilraun til að útskýra fyrir öðrum það sem höfundur skilur til fullnustu
- vangaveltur um tímann
- að þúsund ár séu sem einn dagur

Þjóðvísa

1. Hver er „ég“ ljóðsins og hvar er sú persóna stödd?

- [] Álfkona sem elskar mennskan mann
- [] Karlsdóttir sem nú er komin í bæ hulduvinnar í hamrinum
- [] Karlsdóttir sem elskaði mennskan mann
- [] Álfkona sem elskaði hulduvinnar

2. Hvað ætli hafi orðið til þess að karlsdóttir fór úr mannheimum?

- [] Það er eins og hún hafi látið glepjast af gulli og glysi
- [] Það voru engir mennskir menn í boði
- [] Henni var bannað að giftast mennsku manni
- [] Hún hataði allt í mannheimum

3. Hvað merkir að „sjá eitthvað í hillungum“?

- [] Sjá eitthvað sem manni er fremur illa við
- [] Sjá eitthvað sem maður hefur lesið um í bókum en þekki ekki af eigin raun
- [] Sjá eitthvað mjög vel
- [] Sjá eitthvað sem maður lætur sig dreyma um að fá

4. Hvernig er framtíðarútlitið hjá persónunni sem talar í ljóðinu?

- [] Útlitið virðist ekki gott
- [] Svo er að sjá sem hennar bíði hamingjurík örlög
- [] Það er ekkert sagt um þetta í ljóðinu
- [] Fram kemur að konan verður langlíf

Fuglar mínir fljúga

1. Hvers vegna fær konan ekki um frjálst höfuð strokið?

- [] Af því að hún hefur verið sett í fangabúðir
- [] Af því að það er hreiður í hári hennar
- [] Af því að hún er gift
- [] Af því að hún á enga greiðu

2. Hvað merkir annars orðasambandið að „fá ekki um frjálst höfuð strokið“?

- [] Að hafa ekki stundlegan frið, hafa aldrei næði
- [] Að geta ekki gert börnin sín frjáls
- [] Að vera sköllóttur
- [] Að vera ekki dýravinur

3. Ef þú lítur á fuglana sem tákni fyrir eitthvað annað, hvað er þá raunverulega verið að ræða í ljóðinu?

- [] Rætt eru um bóndakonu sem á aligæsir
- [] Rætt er um fuglavini almennt
- [] Skáldkonan á við að enginn geti flúið örlög sín á vængjum fuglanna
- [] Skáldkonan á við að hún sé bundin af börnum sínum

4. Hver/hvað er „áttaviti“ fuglanna sem fljúga burt?

- [] Útþráin
- [] Ástin
- [] Hatrið
- [] Vonin

5. Hvers vegna er konan óttaslegin?

- [] Hún er hrædd um að vaxið bráði sem heldur vængjunum við búkinn
- [] Hún er ekki viss um að börnin séu tilbúin að fara út í heim
- [] Hún kennir sjálfri sér um illt uppeldi barnanna
- [] Hún er reið út í eiginmanninn sem alltaf þykist vera að vinna

Kartöflugrös

1. „Sumarið þreytist“/ „myrkrið velur sér náttstað“. Hvað kallast það þegar hin og þessi fyrirbæri eru gædd mannlegum eiginleikum?

- [] Bein mynd
- [] Viðlíking
- [] Andstæður
- [] Persónugerving

2. „Þau hafa vaxið.“ Hver eru þessi „þau“?

- [] Arfagrösín
- [] Blómin
- [] Börnin
- [] Kartöflugrösín

3. Reynið að skýra orðin „ég safna sumrinu“.

- [] Hugsanlega rifjar skáldið upp minningar sumarsins
- [] Skáldið er að safna kartöflum barnanna
- [] Skáldkonan safnar saman því sem á að henda
- [] Skáldið safnar í ferðasjóð fyrir næsta sumafrí

4. Hvað sýnist ykkur vera átt við með síðustu ljóðlínunni?

- [] Skáldkonan finnur nálgæð dauðans
- [] Skáldkonan vill deyja sem fyrst
- [] Skáldkonan þarf að fara að taka upp kartöflur
- [] Skáldkonan gerir grín að elli kerlingu

Kate Chopin: Silkisokkaparið

1. Viðfangsefni höfundarins, Kate Chopin, var gjarnan...

- [] staða og reynsla bandarískra kvenna
- [] reynsluheimur karlmannsins
- [] rómantík og líf hefðarfólks í USA
- [] hegðunarmynstur óstýrilátra barna

2. Skáldsagan *The Awakening* hefur verið gefin út á íslensku með titlinum...

- [] *Vaknað til lífsins*
- [] *Sálín vaknar*
- [] *Silkisokkaparið*
- [] *Vakningin*

3. Hvað varð til þess að frú Sommers fannst hún vera mun mikilvægari en henni hafði fundist hún vera um árabil?

- [] Hún hafði fengið nýtt starf
- [] Maðurinn hennar vann í happdraætti
- [] Hún hafði fengið stöðuhækkun
- [] Buddan hennar var orðin troðfull af peningum sem hún hafði skyndilega eignast

4. Hvað fannst frú Sommers jákvætt við að geta keypt nýja sokka á börnin?

- [] Þau þyrftu þá ekki að ganga um berfætt
- [] Það mundi spara henni vinnu við að stoppa í gömlu sokkana
- [] Þau yrðu glöð
- [] Henni fannst í lagi að kaupa sokka af því að þeir voru ódýrir

5. Hvað getur þú sagt um líf frú Sommers fyrir hjónaband?

- [] Hún hefur átt betri daga þá
- [] Henni leið ekki vel fyrir hjónaband
- [] Hún átti sér nokkra kærasta
- [] Hún lifði mjög heilbrigðu lífi

6. Hvers vegna kemur morgundagurinn aldrei?

- [] Hún bjóst við að deyja þennan dag
- [] Heimsendir er í nánd
- [] Af því að þegar morgundagurinn rennur upp, er það „í dag“
- [] Morgunstund gefur gull í mund

7. Rökstyddu þá fullyrðingu að frú Sommers hafi verið „hagsýn húsmóðir“.

- [] Hún eldaði hafragraut á hverjum morgni
- [] Hún lagði m.a. á sig að fara í biðraðir til að komast yfir ódýra vöru
- [] Hún notaði alltaf smjörlíki í staðinn fyrir smjör
- [] Hún klippti börnin sín sjálf

8. Nefndu eina ástæðu fyrir því að frú Sommers þurfti að safna kröftum áður en hún hugðist fara inn í þvöguna þar sem skyrtuefnin voru.

- [] Hún hafði greinst með sjúkdóm
- [] Hún var alveg ósofin
- [] Hún var sárlasin með kvef
- [] Hún hafði gleymt að borða áður en hún fór að heiman

9. Hver voru fyrstu viðbrögð frú Sommers þegar stúlkan við afgreiðsluborðið spurði hana hvort hún vildi prófa nýju sendinguna af silkivörunum?

- [] Það kom henni ekki á óvart
- [] Hún afþakkaði gott boð
- [] Hún sagðist gjarnan vilja gera það
- [] Henni fannst það alveg fáránlegt

10. Hvaða tvö orð lýsa því sem stjórnaði gjörðum frú Sommers eftir að hún hafði fest kaup á silkisokkunum.

- [] Erfiðar aðstæður
- [] Innri hvöt
- [] Innbyggt hatur
- [] Heilagur andi

11. Merktu við atriði sem afgreiðslumaðurinn í skóbúðinni botnaði ekkert í og tengdist frú Sommers.

- [] Sokkar hennar voru mjög fallegir í samanburði við gömlu skóna
- [] Hann undraðist háralit hennar
- [] Hann skildi ekkert í hvað málfar hennar var tignarlegt í samanburði við fötin
- [] Hann skildi ekki hvað hún var með mikla peninga í buddunni

12. Nefndu eitt atriði í seinni hluta sögunnar sem gefur ákveðið í skyn að konan hafi ekki alltaf verið fátæk.

- [] Hún hafði átt bíl
- [] Hún hafði átt gull og gersemar
- [] Hún hafði verið með litað hár
- [] Hún hafði vanist því á fyrrri árum að kaupa dýr tímarit

13. Hver er innri tími sögunnar?

- [] Einn dagpartur
- [] Nokkir dagar, en fyrst og fremst er lýst einum degi
- [] Eitt ár
- [] Tvö ár

14. Hver er ytri tími sögunnar (hvenær gerist hún?) og hvert er sögusviðið (hvar gerist sagan?)?

- [] Árið 1895 eða þar um bil í Bandaríkjunum
- [] Árið 1985 eða þar um bil í Bandaríkjunum
- [] Um miðja síðustu öld í Bandaríkjum Norður-Ameríku
- [] Seint á 20. öldinni í Englandi

15. Hver eftirfarandi málsgreina á best við um efni sögunnar?

- [] Við eignum alltaf að neita okkur um allt sem snýr að dekri við sjálf okkur
- [] Við erum ekki eins og tilfinningalaus vél sem gengur alltaf í sama takti
- [] Hóf er best í hverjum hlut
- [] Hætta skal leik þá hæst hann stendur

K.N. (Káinn):

Hundalán

1. Líklegt er að orðið *hundalán* merki hér ...

- [] tiltölulega góðar aðstæður þrátt fyrir allt
- [] mikla hamingju
- [] hundalíf, þ.e. slæmt líf
- [] fátæklega ævidaga

2. Skáldið lítur yfir æviferilinn. Hvað ætli hann sé gamall þegar hann yrkir þetta?

- [] 40 ára
- [] 50 ára
- [] 6 ára
- [] 70 ára

Vísað úr vinnu

1. Hvaða þrjú lýsingarorð geta haft miðstigið verri?

- [] illur, slæmur, góður
- [] illur, vondur, dapur
- [] illur, slæmur, grimmur
- [] illur, slæmur, vondur

2. Bentu á ljóðstafina í vísunni.

- [] g – v – r; i – v – v
- [] b – b – b; v – v – v
- [] g – b – b; v – r – v
- [] b – b – c; a – b – c

3. Hvað er að segja um hæfileika þeirra starfsmanna sem rætt er um í vísunni?

- [] Þeir hæfustu fá vinnu
- [] Þeir slakari fá vinnu
- [] Þeir sem eru miðlungsgóðir fá vinnu
- [] Þeir sem eru velviljaðir fá vinnu

4. Hvers vegna ætli skáldið hafi ekki sagt í 3. línu: „vondur verri verstur“ í stað „illur verri verstur“

- [] Af því að illur er skemmtilegra orð
- [] Af því að illur og vondur merkja ekki að sama
- [] Af því að það hefði raskað ríminu
- [] Af því að þá hefði verið um *ofstuðlun* að ræða

Hvergi smeykur

1. Hvers vegna er höfundurinn hvergi smeykur þótt hann virðist ekki vera kirkjurækinn?

- [] Hann hefur ort sálma sem sungnir eru í kirkjum
- [] Hann er heiðinn
- [] Af því að hann telur sig vera heiðarlegan í lífinu og þurfi engu að kvíða
- [] Hann hefur alltaf beðið bænirnar í einrúmi

2. Settu seinni vísuhelminginn í eðlilega orðaröð.

- [] því heiðarlegu hundalífi hef ég lifað fram að þessu
- [] því lifað hef ég fram að þessu heiðarlegu hundalífi
- [] því heiðalegu hef ég lifað hundalífi fram að þessu
- [] því ég hef lifað heiðarlegu hundalífi fram að þessu

Kæra foldin

1. Hver er „foldin kennd við snjó“?

- [] Norður-Dakóta
- [] Ísland
- [] Kanada
- [] Bandaríki Norður-Ameríku

2. Hvers óskar K.N. sér í vísunni?

- [] Að hann fái að leggja sig þegar hann kemur í heimahagana
- [] Að hann fái að deyja í Íslandsheimsókn
- [] Að hann fái að upplifa það að sjá heimaslöðirnar aftur
- [] Að hann verði grafinn í heimasveit sinni, Eyjafirði

3. Tvö orð í vísunni byrja á hv-. Á móti hvaða hljóðum stuðla þau?

- [] Í fyrri vísuhelmingi stuðlar hv við k; í seinni partinum stuðlar hv- við h
- [] Í fyrri vísuhelmingi stuðlar hv við h; í seinni partinum stuðlar hv- við k
- [] Í báðum tilvikum stuðlar hv við h
- [] Í báðum tilvikum stuðlar hv við k

4. Það er innrím í vísunni. Hvaða hljóð er um að ræða?

- [] snjó – ró
- [] fold(in) – hold(ið); feg(inn) – Eyj(afirði)
- [] yrði – firði
- [] heima – Eyja-

Íslandsferð 1858

1. Hvaða ár ferðaðist Konrad Maurer um Ísland?

- Árið 1758
- Árið 1858
- Árið 1958
- Árið 1558

2. Merktu við þá línu sem lýsir stuðningi Maurers við íslenska þjóð og menningu.

- Maurer rannsakaði náttúru landsins og gaf út bækur um hana
- Maurer lagði ekki á sig að læra íslensku en gat samt skilið embættismenn sem töluðu dönsku
- Hann studdi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og safnaði íslenskum þjóðsögum
- Hann teiknaði myndir af íslensku landslagi og gaf þær út

Skálholt í niðurníðslu

1. Um hvaða leyti var biskupsstóll fluttur frá Skálholti til Reykjavíkur?

- Um 1900
- Árið 1550
- Árið 1930
- Skömmu fyrir 1800

2. Hvers vegna vildi bóndinn í Skálholti láta Maurer gista í kirkjunni?

- Af því að hann skammaðist sín fyrir sóðaskapinn á heimilinu
- Af því að kirkjan var upphituð
- Af því að margir gestir voru staddir á bænum
- Af því að konan hans var mikið veik

Drukkinn prestur

1. Lýstu morgunverðinum í Hraungerði.

- [] Fjallagrös, soðin í vatni, með sykri og ferskum rjóma
- [] Harðfiskur og smjör ásamt flatbrauði
- [] Súrir hrútspungar, svið og rófur
- [] Skyr með sykri og miklum rjóma

2. Hvaða álit virðast íslenskir embættismenn hafa haft á séra Sigurði Thorarensen í Hraungerði í Flóa?

- [] Þeir töldu hann framfarasinnaðan alþýðuvín
- [] Þeir sögðu að hann ætti það til að láta skapið hlaupa með sig í gönur
- [] Þeir sögðu hann gjafmildan og gestrisinn
- [] Þeir töldu hann vera nískan og harðskeyttan

3. Við hvaða aðstæður birtist Danahatur í þessum texta?

- [] Það birtist þegar smalamenn opna hug sinn gagnvart Maurer
- [] Það kemur fram í orðum húsfreyju
- [] Það kemur fram þegar Maurer liggr á hleri og heyrir samræður fólksins
- [] Það brýst fram í drykkjuvímu Þorvarðar prest

Hryllilegt gaul: safnaðarsöngur á Íslandi

1. Hvers vegna hafði Maurer áhuga á að tala við séra Guðmund Jónsson?

- [] Af því að séra Guðmundur var vel að sér í lögum
- [] Af því að séra Guðmundur hafði búið fjölskyldu sinni fallegt heimili
- [] Af því að séra Guðmundur kunni sögur af skrímslum í Grímsey
- [] Af því að séra Guðmundur átti mjög gott bókasafn

2. Hver var helsti vandinn í samskiptum Maurers og séra Guðmundar?

- [] Maurer var stirður í íslensku og séra Guðmundur var nær heyrnarlaus
- [] Maurer heyrði illa og séra Guðmundur talaði óskýrt
- [] Séra Guðmundur kunni lítið í þýsku
- [] Þeir reyndu báðir að tala dönsku en kunnu hana illa

3. Hvað er til marks um sjálfstæði Íslendinga ef tekið er mið af texta Maurers?

- [] Íslendingar töluðu alltaf illa um Dani og aðra yfirboðara
- [] Íslendingar höfðu sjálfstæðan fatasmekk
- [] Íslendingar voru vel að sér í lagakrókum
- [] Íslendingar sungu hver með sínu nefi og fylgdust ekki með söng kórfélaganna

4. Hvað virðist Maurer hafa kunnað best að meta hjá séra Skúla Gíslasyni?

- [] Það að Skúli skyldi alltaf eiga brennivín
- [] Það að Skúli hélt svo góðar stólræður
- [] Það að Skúli skyldi segja honum þjóðsögur
- [] Hin fallega söngrödd hans

Hár í mjólkinni

1. Hvaða leið fór Maurer frá Suðurlandi til Norðurlands?

- [] Hann fór norður yfir Kjöl
- [] Hann fór Stórasand
- [] Hann fór yfir Holtavörðuheiði
- [] Hann fór yfir Sprengisand

2. Hvað heitir fremsti (innsti) bærinn í Öxnadal?

- [] Hraun
- [] Gil
- [] Bakkasel
- [] Bægisá

3. Hvernig er orðið spónn í fleirtölu?

- [] spænir
- [] spónar
- [] spanjólar
- [] spánar

4. Hvaða frægum manni var Magnús bóndi skyldur?

- [] Pétri Péturssyni sem síðar varð biskup
- [] Jóni Sigurðssyni forseta
- [] Sveinbirni Egilssyni rektor
- [] Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara

Óþrif og óværa

1. Hvað heitir innsti (fremsti) bærinn í Norðurárdal í Skagafirði?

- [] Egilsá
- [] Ytri-Kot
- [] Fremri-Kot
- [] Silfrastaðir

2. Merktu við það sem angraði ferðamanninn um nóttina.

- [] raki, loftleysi, óþrif og óværa
- [] kuldi, hrotur, reykur
- [] hávaði og drykkjulæti
- [] hanagal og hundgá

Klarinetttitttré

1. „Hann var að renna sér klarinetttitt.“ Hvað er átt við hér?

- [] Hann var að renna sér
- [] Hann var að smíða tindáta
- [] Hann var að renna timburbút í rennibekk
- [] Hann var að spila á klarinet

2. Hvað gæti orðið a) vofffælinn, b) hummmáll merkt?

- [] a) hræddur við hunda; b) sem hummar oft, þ.e. segir „hummm“
- [] a) hrifinn af hundum; b) langorður
- [] a) hræddur við vofur; b) humátt
- [] a) vel falinn; b) fáorður

3. Í 7.–8. ljóðlínum eru ljóðstafirnir...

- [] h – h
- [] sv – sk
- [] o – i – u
- [] svelti – gelti

4. Hvert er mest áberandi einkenni kvæðisis þegar horft er á stafina?

- [] Þrí eins samhljóðar hlið við hlið á við og dreif
- [] Fjórir samliggjandi samhljóðar hlið við hlið
- [] Óvenjuleg stuðlasetning
- [] Tvöfaldir samhljóðar út um allt

Jón Vídalín

1. Nefndu þrjá hálærða ættingja Jóns Vídalín.

- [] Snorri Sturluson, Sigurður Nordal og Sigurbjörn Einarsson
- [] Arngrímur lærði, Páll Vídalín og Páll Björnsson í Selárdal
- [] Brynjólfur biskup Sveinsson, Pétur biskup Pétursson og Geir biskup Vídalín
- [] Guðbrandur Þorláksson, Jón Arason og Ísleifur Gissurarson

2. Hverjur gerðu manntalið við upphaf 18. aldar?

- [] Jón Vídalín og Páll Vídalín
- [] Árni Magnússon og Jónas Hallgrímsson
- [] Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson
- [] Páll Vídalín og Árni Magnússon

3. Hvar reyndi Jón Vídalín að komast til metroða eftir að hann lauk prófi í Kaupmannahöfn?

- [] Í dönsku utanríkisþjónustunni
- [] Í sænsku akademíunni
- [] Í danska flotanum
- [] Hjá grænlensku landstjórninni

4. Hvaða ár varð Jón Vídalín biskup?

- [] Árið 1697
- [] Árið 1967
- [] Árið 1769
- [] Árið 1796

5. Fyrir hvað er Jón Vídalín þekktastur?

- [] *Passíusálmana*
- [] *Lilju* (sem allir vildu kveðið hafa)
- [] *Vídalínspostillu* (préikanir)
- [] Skáldsöguna *Piltur og stúlka*

6. Nefndu dæmi um framfarahug Jóns Vídalín.

- [] Hann ræktaði kartöflur og stundaði kjúklingarækt
- [] Hann átti nokkur holdanaut
- [] Hann stundaði kornrækt og byggði fyrsta gróðurhúsið
- [] Hann reyndi að rækta kál og hvatti til hreindýraræktar

7. Nefndu einhverja galla Jóns biskups.

- [] Hann var nokkuð drykkfelldur og átti það jafnvel til að slást
- [] Hann var reykingamaður
- [] Honum var illa við konur
- [] Hann tolldi aldrei heima

8. Hvaða titil hafði a) faðir Sigríðar Jónsdóttur og b) eiginmaður Sigríðar?

- [] a) lögmaður; b) sýslumaður
- [] a) biskup á Hólum; b) biskup í Skálholti
- [] a) biskup í Skálholti; b) biskup á Hólum
- [] a) prestur í Reykjavík; landfógeti

Um reiðina

1. Finndu annað orð yfir reiði í textanum.

- [] ergelsi
- [] hatur
- [] heift
- [] skapofsi

2. Hver er munurinn á *reiði* og *æði*, skv. því sem segir í textanum?

- [] Reiðin birtist hjá konum, æðið hjá körlum
- [] Æðið kemur aldrei fram nema áfengi sé haft um hönd
- [] Æðið varir ekki eins lengi og reiðin
- [] Reiðin varir ekki eins lengi og æðið

3. Greindu frá líkingunni sem gripið er til úr náttúrunni til að lýsa því hvernig reiðin hristir og skekur líkamann.

- [] Reiðinni er líkt við stórvíðri og líkama reiðs manns við úfið haf
- [] Reiðinni er líkt við skriðuföll sem tekur reiða manninn með sér í sjó fram
- [] Reiðinni er líkt við stórhrríð, reiðum manni við tré sem brotnar
- [] Reiðinni er líkt við byggingu sem hrynnur, reiðum manni við froðufellandi naut

4. Nefndu dæmi um það hvernig reiðin getur farið með manninn.

- [] Hún lætur hann líta út eins og urrandi hund
- [] Hún gerir hann að ófresku; hún kveikir bál í augum hans
- [] Hún hrekur alla fjölskylduna frá honum
- [] Hún gerir hann að morðingja

5. Í hvaða línu eru eingöngu andstæðupör?

- [] karlar/ konur; kennrarar/ framhaldsskólakennrarar; stelpur/ telpur
- [] uppi/ niðri; úti/ inni; lengi/ alllengi; stundum/ sjaldan
- [] skemur/ lengur; ásjóna/ sál; reiður/ heilvita; menn/ guð; inni/ ytra
- [] handleggur/ armur; hendur/ fætur; fingur/ puttar; tær/ tásur

Halldóra B. Björnsson: Í Hljómskálagarðinum 17. júní

1. Hvar var Halldóra B. Björnsson við nám?

- [] Í lýðháskóla á Jótlandi
- [] Í lýðskólanum á Hvítárbakka í Borgarfirði
- [] Í Menntaskólanum í Reykjavík
- [] Við Háskóla Íslands

2. Hvað á Halldóra B. Björnsson við þegar hún segir að afreksmenn okkar séu orðnir að steini?

- [] Þeir eru eins og náttröllin sem urðu að steinum ef þau sáu sólina koma upp
- [] Þeir hafa safnað fágætum steinum á efri árum
- [] Það hafa verið gerðar af þeim höggmyndir eftir dauðann
- [] Ljóð þeirra féllu í grýttan jarðveg

3. Í hverju felst háðið í fyrsta erindinu?

- [] Halldóra hæðist að konunum sem annast garðinn
- [] Skáldkonan hæðist að stjórnvöldum
- [] Höggmyndir í lystigarði virðast eins og hvert annað grjót á illa grónu landi
- [] Myndlistarmenn okkar gera allt of lágar úthöggmyndir

4. Í hverju felst háðið m.a. í lokerindinu?

- [] Það er eins og Bertel Thorvaldsen hafi ekki átt neina móður
- [] Menn gefa sér aldrei nægan tíma þegar þeir skoða listaverk
- [] Hæðst er að þeim sem aldrei stunda neinar listir
- [] Það er hæðst að falsinu sem ríkir í heimi myndlistarinnar

5. Bentu á ljóðstafasetningu í fyrstu tveimur braglínunum.

- [] s – s – s
- [] í – e – u
- [] í – e – u – i
- [] g – g – g

6. Bertel Thorvaldsen var ...

- [] þekktur rithöfundur, af íslenskum ættum
- [] þekktur myndhöggvari
- [] tónsmiður af bestu gerð
- [] danshöfundur, Íslendingur að faðerni, búsettur í Kaupmannahöfn

Maðurinn sem skar hausinn af kerlingunni

1. Hvaða orðasamband er notað í sögunni um það að detta?

- steinliggja
- falla flatur
- missa fótanna
- verða fótaskortur

2. Hvers vegna fór kerlingin að ásækja manninn?

- Af því að hann talaði óvarlega til hennar rétt áður en hún dó
- Af því að hún hafði elskað hann í æsku
- Af því að hann hrinti henni niður stigann
- Af því að hann vildi ekki láta grafa hana í vígðri mold

3. Hvaða orðasamband er notað í sögunni um það að verða *dauðskelkaður, missa móðinn?*

- að fallast hugur
- að falla allur ketill í eld
- að vera gripinn skelfingu
- að ganga fyrir ætternisstapa

4. Krossaðu við eitt viðbótaratriði sem fram kemur í frásögn Jóhanns í Fornhaga?

- Jóhann segir að maðurinn hafi gert krossmark yfir kistunni
- Hann segir að maðurinn hafi farið með faðirvorið yfir líkinu
- Hann segir að maðurinn hafi hringt klukkunum í sáluhliðinu
- Hann segir að maðurinn hafi rekið nagla í iljarnar á líkinu

5. Til hvers heldur þú að naglar hafi verið rekñir í iljar líkinu?

- Til þess að hindra framgang réttvísinnar
- Til að tryggja nægan fjölda nagla á kistulokið
- Til að líkið rotnaði sem fyrst
- Til þess að konan gengi ekki aftur

6. Eftirfarandi tvö lýsingarorð eiga við um manninn í sögunni:

- ónærgætinn, áræðinn
- orðvar, huglaus
- auðmjúkur, fjölkunnugur
- guðhræddur, græskulaus

Jónas Hallgrímsson – Ljóð eftir Jóhann Sigurjónsson

1. Á hvaða árstíma er ljóðið ort?

- [] Um vor
- [] Um sumar
- [] Um haust
- [] Um veturn

2. Hvers vegna talar Jóhann Sigurjónsson um *dauðarósir* á laufinu?

- [] Málarinn hefur málað með rauðu á lauf trjánna
- [] Rósir deyja eins og annar gróður á haustin
- [] Rósir eru á leiði Jónasar Hallgrímssonar
- [] Haustlitar (rauður eins og rós) er kominn á laufið

3. Í fyrri hluta vísunnar er náttúrumynd. Hvað er það sem gerir það að verkum að Jóhann Sigurjónsson tengir þá mynd við líf Jónasar Hallgrímssonar (1807–1845).

- [] Vinur Jónasar sagði að hann hefði minnt sig á afskornar rósir í veikindunum
- [] Líf Jónasar var fallegt eins og haustlaufið; Jónas var líka sjúkur eins og haustlaufið
- [] Jónas málaði gjarnan fallegar haustmyndir í veikindum sínum
- [] Það er samband milli hausts og dauða

4. Ógæfan er hér persónugerð. Hvernig þá?

- [] Ógæfan getur verið persóna
- [] Ógæfan er persónugerð sem móðir
- [] Jónas Hallgrímsson er gerður að föður ógæfunnar
- [] Jóann Sigurjónsson gerir sjálfan sig að barni ógæfunnar

5. Hver er ávarpaður í kvæðinu? Hver er óskabarn ógæfunnar?

- [] Jóhann Sigurjónsson
- [] Haustskógrinn
- [] Rauða laufið á trjánum
- [] Jónas Hallgrímsson

6. Rökstyddu að Jóhann Sigurjónsson slái saman tveimur skynsviðum í orðinu *litmjúkir*.

- [] Litur höfðar til hins sjónræna; mjúkur höfðar til snertiskyns
- [] Litur höfðar til heyrnar; mjúkur höfðar til lyktarskyns
- [] Litur höfðar til snertiskyns; mjúkur til heyrnar
- [] Litur höfðar til lyktarskyns; mjúkur til hins sjónræna

Spurning um hugrekki

1. Hvar höfðu Gitta og Helena kynnst?

- [] Þær höfðu kynnst í íbúð Helenu
- [] Þær höfðu kynnst hjá kaupmanninum
- [] Þær kynntust á skólalóðinni
- [] Þær kynntust framan við hús Helenu

2. Hvers vegna var lyftan við 5. hæð þegar Helena ætlaði að fara niður?

- [] Af því að Helena var búin að ýta á lyftuhnappinn inni hjá sér
- [] Kaupmaðurinn hjálpaði Helenu með því að koma með matarpokann upp
- [] Kaupmaðurinn tók alltaf lyftuna upp en gekk síðan niður
- [] Ókunni maðurinn hafði tekið lyftuna upp til að komast í þakherbergið

3. Hvað vildi Helena láta gera við barnaníðinga?

- [] Hún sagði að það ætti að lífláta þá
- [] Hún sagði að það ætti að dæma þá mildilega
- [] Hún vildi láta senda þá á endurhæfingarstofnun
- [] Hún vildi láta senda þá á námskeið

4. Hvaða skoðun hafði lögreglumaðurinn á meðferð glæpamanna?

- [] Hann sagði að stundum yrði að fara í kringum lögin
- [] Hann vildi láta dómstól götunnar dæma glæpamenn
- [] Hann vildi ekki að maður yrði tekinn af lífi án dóms og laga
- [] Hann vildi láta senda glæpamenn á endurhæfingarstofnun

5. Hvers vegna lamaðist Helena?

- [] Hún lenti í bílslysi þegar hún var barn
- [] Hún hafði fengið sykursýki sem uppgötvaðist of seint
- [] Hún fékk lömunarveiki
- [] Hún féll af hestbaki þegar hún var unglingsur

6. Nefndu þrennt sem lögreglumaðurinn og níðingurinn áttu sameiginlegt.

- [] Brún augu, tvíraett bros og skrámur á handarbaki
- [] Þunnt hár, yfirskegg og hringur í eyra
- [] Gráblá augu, vinalegt bros og sár á úlnlið
- [] Skalli, yfirskegg og áberandi augabréðir

7. Hver var maðurinn sem Helena hélt að væri níðingurinn?

- [] Fátækur og meinlaus auðnuleysingi
- [] Kaupmaðurinn sjálfur
- [] Löggreglumaður frá Kaupmannahöfn sem þekkti ekki til á þessu svæði
- [] Löggreglumaður frá Árósum, ókunnugur öllum þarna

8. Nefndu tvennt sem er til marks um hugrekki Helenu og einbeittan vilja.

- [] Að þora að fara upp í þakherbergið og að þora að setja eitrið í bollann
- [] Að vera ein í íbúðinni og að sjá auk þess um innkaupin
- [] Að þora að hafa svona afdráttarlausa skoðun á meðferð glæpamanna og níðinga
- [] Að þora að eitra fyrir manninum og að þora að kasta sér út um gluggann

9. Að hvaða leyti fór Helena ekki eftir stjörnuspánni?

- [] Hún ákvað að fara ekki sjálf út í búð
- [] Hún ákvað að einangra sig alveg frá umheiminum þennan dag
- [] Hún treysti ekki manninum sem kom til hennar
- [] Hún treysti manninum sem kom til hennar

10. Gitta litla

- [] slapp naumlega undan níðingnum
- [] reyndist vera þjófótt
- [] var alsaklaus í málínu sem kom upp í hverfinu
- [] hafði oft komið í íbúðina til Helenu